

# Héraðsdómur Vesturlands



## D Ó M U R

6. júlí 2023

mál nr. E-60/2022

**A**

*(Auður Björg Jónsdóttir lögmaður)*

**gegn**

**B**

*(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)*

### **I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð**

1. Mál þetta var höfðað 7. apríl 2022 og þingfest fyrir dómnum 3. maí það ár. Stefnandi er [A...], ..., ... og stefnda er [B...], ..., ..

2. Stefnandi krefst þess að eftirfarandi ummæli stefndu, sem hún birti í opinni færslu á Facebook-síðu sinni ..., verði dæmd dauð og ómerk:

- 1. Faðirinn hefur beitt öll börnin andlegu og líkamlegu ofbeldi*
- 2. ... einnig hefur faðirinn verið kærður vegna kynferðisofbeldis sem hann beitti dóttur sína.*
- 3. Hversu siðblindur þarf faðir að vera til þess að finnast dóttir sín (12 ára og yngri) kynæsandi*
- 4. ... og honum finnst í lagi að káfa á kynfærum hennar*

Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði gert að greiða honum 800.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. málslíð 4. gr. laganna, frá 18. desember 2021 til þess dags er málið er höfðað, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 4. mgr. 5. gr. laganna.

Jafnframt krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu.

3. Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

4. Aðalmeðferð málsins átti að fara fram föstudaginn 16. janúar 2023, en henni varð að fresta utan réttar vegna forfalla. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir dómsins tókst ekki að koma á aðalmeðferð fyrir en 8. júní sl. og fór hún þá fram og var málið dómtekið sama dag. Aðilar gáfu skýrslu fyrir dómi. Auk þess gáfu skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað [D...], ... og [E...], .... Þá kom fyrir dóminn [F...], ... [D...] og [E...]. Framburðar verður getið í dómnum eins og nauðsynlegt telst.

## II. Málsatvik

5. Stefnandi var giftur [G...], ... stefndu. Í kjölfar skilnaðar stefnanda og [G...] í lok janúar 2020 kveður stefnandi stefndu hafa borið sig ýmsum röngum sökum, sem hann hefur staðfastlega neitað, en stefnda hafi opinberlega tekið afstöðu með [G...] í harðvítugum deilum er sprottið hafa í kjölfar skilnaðarins.

6. Forsjárdeila stefnanda og [G...] endaði fyrir dómi og með dómi Landsréttar í ... 2021 varð niðurstaðan sú að þau skyldu fara sameiginlega með forsjá barnanna tveggja, [D...] og [H...], en drengurinn hefur lögheimili hjá stefnanda og [D...] hjá móður sinni. Eftir dóm Landsréttar neitaði móðir að afhenda drenginn og fór hann ekki í vörslur stefnanda fyrir en eftir innsetningu sýslumanns í ... 2022. Þaðan var hann svo brottnuminn í ... sl. og móðir hans hefur síðan þá leynst með hann og systur hans. Ástæðulaust er að rekja þá sögu ítarlega hér.

7. Stefnandi kveður það hafa verið í kjölfar niðurstöðu Landsréttar sem stefnda hafi látið hin umstefndu ummæli falla í opinni færslu á eigin Facebook-síðu. Þessu mótmælir stefnda. Dómur Landsréttar hafi verið kveðinn upp ... 2021. Eðli málsins samkvæmt hafi færsla stefndu því ekki verið skrifuð í kjölfarið á dómnum. Stefnda hafi þá heldur ekki skrifað athugasemd við frétt DV.is, líkt og fram komi í stefnu, heldur hafi hún deilt fréttinni á Facebook-svæði sínu og brýnt vini sína á Facebook til þess að standa almennt með þolendum ofbeldis eins og sjá megi á upphafsorðum færslunnar: „Ætlar þú að vera meðvirkur og segja ekkert eða ætlar þú að standa upp og styðja þolendur ofbeldis?“

8. Með bréfi, dagsettu 17. janúar 2022, var að sögn stefnanda, stefndu boðið að ljúka málinu án aðkomu dómstóla með því að eyða út nefndri færslu og birta afsökunarbeiðni. Hafi stefnda ekki orðið við því og engin viðbrögð sýnt við bréfinu.

9. Stefnandi taldi þá að honum væri nauðugur sá kostur einn að höfða mál þetta enda kveðst hann ekki ætla að sitja undir ærumeiðingum og aðdróttunum stefndu.

10. Rétt þykir að lýsa málsatvikum nánar í umfjöllun um málsástæður eins og þurfa þykir þar sem þeim er lýst eins og þau horfa við hvorum aðila um sig og eru að mestu hluti af málsástæðum þeirra eða ætlað að undirbyggja þær.

### III. Málsástæður og lagarök stefnanda

11. Stefnandi tekur fram að sú færsla sem er uppspretta þessarar málshöfðunar hafi verið opin, sem merki að hún hafi verið aðgengileg öllum og ekki einungis þeim sem eru vinir stefndu á Facebook. Færslan sé að tilstuðlan [G...] rituð sem athugasemd við frétt sem birtist á DV.is. Allt það sem fram komi í tédum ummælum sé rangt.

12. Aðilar búi í ..., sem sé lítið bæjarfélag, þar sem allir þekki alla og bæjarbúar fullkomlega meðvitaðir um skilnað stefnanda og [G...] sem og að hún hafi frá skilnaði tálmað umgengni hans við börnin. Engum dyljist því um hvern stefnda sé að tala í færslu sinni, auk þess sem færslunni fylgi *linkur* á tédna frétt sem hafi að geyma *link* á dóm Landsréttar í forsjármáli stefnanda og [G...].

13. Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hin umstefndu ummæli stefndu séu ærumeiðandi aðdróttanir og að brot hennar varði við 236. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með áorðnum breytingum, enda viðhafi stefnda ummælin gegn betri vitund. Til vara er á því byggt að brot stefndu varði við 235. gr. laganna. Með vísan til 1. mgr. 241. gr. laganna krefst stefnandi þess að ummælin verði öll dæmd ómerk og að stefnda verði, á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, sbr. 1. nr. 37/1999, dæmd til að greiða honum miskabætur.

#### *Refsinæmi ummæla*

14. Ærumeiðing felist í árás á sjálfsvirðingu manns eða virðingu annarra fyrir honum og telur stefnandi sýnt að stefnda hafi gerst sek um slíka árás gegn honum. Æra hans sé varin af ákvæði 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 9. gr. 1. nr. 97/1995, en þar segir í 1. mgr. að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þá njóti æra manna refsiverndar, en ákvæði þess efnis sé einkum að finna í XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum. Í þeim kafla sé að finna ákvæði í 235. gr. sem kveður á um að ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varði það sektum eða fangelsi allt að einu ári. Þar segir einnig í 236. gr. að sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varði það fangelsi allt að tveimur árum, og sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varði það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

15. Með umstefndum ummælum sínum gefi stefnda stefnanda að sök refsiverða og siðferðislega ámælisverða háttsemi, sem sé virðingu hans til hnekkis. Gefi hún honum að sök að hafa beitt börn andlegu og líkamlegu ofbeldi, dóttur sína kynferðislegu ofbeldi og að þykja hún, þegar hún hafi verið ... gömul og yngri, kynæsandi. Telur stefnandi ljóst að öll ummælin séu ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. og 236. gr. hegningarlaga. Þá séu þau borin út gegn betri vitund því stefndu sé fullkunnugt um öll skjöl og framgang mála stefnanda og [G...].

16. Það séu grundvallarmannréttindi í réttarríki að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum. Þetta sé ein grundvallarregla í íslenskrí stjórnskipan, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir MSE). Það séu handhafar opinber valds sem annist rannsókn og saksókn í sakamálum og séu einir til þess bærir. Það sé síðan hlutverk dómstóla að dæma um sekt eða sakleysi manna sem ákærðir hafi verið fyrir refsiverða háttsemi. Stefnandi hafi ekki verið kærður fyrir þá háttsemi sem stefnda gefi honum að sök og hvað þá sakfelldur.

*Einstök ummæli – ómerkingarkrafa*

17. „*Faðirinn hefur beitt öll börnin andlegu og líkamlegu ofbeldi*“.

Stefnandi hafi ekki beitt börn sín ofbeldi, hvorki andlegu né líkamlegu. Hafi það raunar margsinnis verið staðfest af dómkvöddum matsmanni í forsjármáli stefnanda og [G...] að þessi börn hefðu ekki upplifað ofbeldi, hvorki í eigin garð né orðið vitni að ofbeldi. Þess utan eigi stefnandi ekki að þurfa að afsanna aðdróttanir stefndu hér um, sem bornar séu fram gegn betri vitund. Íbúar í ... viti af nánnum tengslum stefndu og [G...] og því líklegt að almenningur telji að hún viti meira um málið en flestir. Sé því sérlega ámælisvert að halda þessu fram, gegn betri vitund, og augljóslega í þeim tilgangi einum að svarta æru stefnanda. Ummælin séu brot gegn 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara 235. gr. þeirra.

18. „... *einnig hefur faðirinn verið kærður vegna kynferðisofbeldis sem hann beitti dóttur sína*“.

Þessi fullyrðing stefndu sé beinlínis röng. Rétt sé að í kjölfar skilnaðar aðila hafi fjölskylda stefndu og [G...] tilkynnt að stefnandi hefði áreitt stúlkuna kynferðislega. Hafi þá verið tekin skýrsla af henni í Barnahúsi þar sem fram hafi komið að ekki væri grunur um að brotið hefði verið á henni. Um ári eftir skilnað aðila hefði stúlkun skrifað bréf að tilstuðlan móður sinnar, þar sem hún hafi sagt stefnanda hafa beitt sig kynferðislegu ofbeldi og hún vildi að hlustað yrði á sig og hann kærður. Vegna þessa hafi aftur verið tekin skýrsla af henni í Barnahúsi þar sem fram hafi komið að móðir hennar og stefnda hefðu hvatt hana til að segja eitthvað meira svo gagnast gæti í forsjármáli aðila. Í framangreindum dómi Landsréttar sé umfjöllun um innrætingu móður á stúlkunni.

19. Þannig hafi einnig stefnda reynt að telja stúlkunni trú um að hún hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en auk þess hafi nafn stefndu ítrekað komið upp þegar sálfræðingar hafa rætt við stúlkuna og þá á þá leið að hún sé að ræða við hana um kynferðisbrot og að hún hafi orðið fyrir því. Atvikin sem stúlkun hafi lýst í Barnahúsi hafi verið á þá leið að feðginin hafi legið saman í sófa að horfa á bíómynd og hann strokið um síðu hennar utan klæða. Kvaðst hún hafa fært sig til í sófanum þegar hún var spurð í seinni skýrslu hvort hún hefði gefið til kynna að henni þætti snertingin óþægileg.

20. Skilgreining á kynferðislegu ofbeldi gagnvart barni sé: „þegar einn aðili nær vilja sínum fram með því að neyða barnið til kynferðislegra athafna“. Ljóst megi vera að stefnandi hafi ekki gerst sekur um kynferðislegt ofbeldi og hann hefur ekki verið kærður fyrir kynferðisofbeldi í garð dóttur sinnar.

21. Ummælin séu brot gegn 236. gr. almennra hegningarlaga þar sem stefndu sé fullkunnugt um að stefnandi hafi ekki verið kærður fyrir kynferðisofbeldi, til vara brot gegn 235. gr. laganna. Ummælin séu sett fram í þeim tilgangi einum að meiða æru stefnanda og svarta mannorð hans.

22. „*Hversu siðblindur þarf faðir að vera til þess að finnast dóttir sín (... og yngri) kynæsandi*“.

Fráleitt sé af stefndu að fullyrða að stefnanda þyki dóttir sín, þegar hún hafi verið ... og yngri, kynæsandi. Séu ummælin sett fram í þeim tilgangi einum að reyna að svarta æru stefnanda. Með ummælunum beri stefnda á hann siðferðisámælisverða háttsemi og brjóti gegn 235. gr. hegningarlaga. Þá hafi hún þess utan engar forsendur til að geta lagt mat á hvað stefnanda finnist kynæsandi en fráleitt sé að halda því fram að honum þyki barnung dóttir sín kynæsandi og ekkert sem styðji að svo sé.

23. „... og honum finnst í lagi að káfa á kynfærum hennar“.

Með ummælunum gefi stefnda stefnanda enn og aftur að sök refsiverða og siðferðislega ámælisverða háttsemi. Því hafi aldrei fyrr verið haldið fram að stefnandi hafi káfað á kynfærum stúlkunnar. Séu ummælin brot gegn 236. gr. hegningarlaga, enda borin fram gegn betri vitund, en til vara 235. gr. laganna.

24. Með ummælunum öllum gefi stefnda stefnanda að sök brot gegn hegningarlögum og barnaverndarlögum. Með því gerist hún sek um að meiða æru stefnanda og hafi uppi mjög grófar aðdróttanir um refsiverð brot samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga og almennra hegningarlaga. Öll ummælin séu borin fram gegn betri vitund og í þeim tilgangi einum að sverta æru stefnanda og telja almenningi trú um að hann hafi brotið gegn börnum sínum. Geti stefnandi vart hönd fyrir höfuð sér borið vegna þessara fráleitu ásakana og hafi ekki önnur úrræði en að krefjast ómerkingar ummælanna.

25. Stefnandi telur augljóst að ummælin öll varði við 236. gr. en til vara 235. gr. hegningarlaga, þannig að fallist beri á kröfu hans um að þau verði dæmd dauð og ómerk, með vísan til 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga.

#### *Krafa um miskabætur*

26. Stefnandi byggir kröfu sína um miskabætur á b-lið 1. mgr. 26 gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. 1. nr. 37/1993, sem hafi að geyma heimild til að dæma þann sem ber ábyrgð á ólögumætri meingerð sem beint er gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns til að greiða honum miskabætur. Með vísan til framanritaðs telur stefnandi ljóst að stefnda hafi vegið með alvarlegum hætti að æru hans og friðhelgi, og að hún beri ábyrgð á ólögumætri meingerð gegn æru og persónu stefnanda, sem varin sé af 71. gr. stjórnarskrár, 8. gr. MSE og XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

27. Miskabótakrafa stefnanda hljóðar upp á 800.000 krónur. Telur stefnandi fjárhæðina sanngjarna með vísan til þess að ummæli stefndu hafi verið sett fram á opinberum vettvangi fyrir augum margra, stefnda hafi enga eftirsjá sýnt og ummæli hennar séu sérlega gróf og óvægin. Þá séu ummælin sett fram gegn betri vitund þar sem stefndu sé fullkomlega kunnugt um niðurstöðu dómsmála milli stefnanda og [G...] og niðurfellingu allra hennar mála hjá lögreglu og barnavernd, en stefnda hafi sjálf aðstoðað [G...] við að stofna til sumra þeirra.

28. Ummælin séu sett fram í þeim tilgangi einum að sverta æru stefnanda og reyna að skapa [G...] betri stöðu í forsjármáli hennar og stefnanda og, þegar þau voru sett fram, í innsetningarmáli gegn henni. Þá hafi ummælin haft áhrif á andlega líðan hans og valdið honum hugarangri. Allt séu þetta atriði sem dómstólar hafi litið til, til hækkunar á miskabótum.

29. Stefnandi telur ljóst að ummæli stefndu séu hvorki refsí- né bótalaus á þeim grundvelli að hún nefni hann ekki nafni enda öllum sem þekki til ljóst um hvern sé verið að tala og hafi einhver áhuga á að vita um hvern hún sé að ræða sé auðsótt að verða sér úti um upplýsingar þar um. Þá hafi stefnda tjáð sig um þessi málefni víðar, sbr. til dæmis frásögn hennar sjálftrar í færslunni um að fólkið í þessu litla samfélagi þeirra trúir ekki nefndum sögum hennar um stefnanda.

30. Hvað varði tjáningarfrelsi stefndu vísi stefnandi til 2. og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og byggji á því að það falli utan marka stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis þegar brotið er gegn réttindum eða mannorði annarra manna. Þá séu ummælin ekki hlutlaus ummæli sem sett séu fram sem innlegg í mikilvæga þjóðfélagsumræðu heldur afar hlutdræg og aðdróttanir um frétt sem orðið hafi til að tilstuðlan ... stefndu og fjalli um ... sjálfa. Engin þjóðfélagsleg umræða hafi átt sér stað um málið önnur en að [G...] sjálf hafi gefið út yfirlýsingu og fengið félagasamtökin Líf gegn ofbeldi [sic] til að mótmæla því að fram færi innsetningargerð þar sem drengur stefnanda yrði færður honum með atbeina sýslumanns. Þá sé stefnda grandsöm um að aðdróttanir hennar séu ekki réttar jafnvel þótt hún vilji trúa ... sinni. Af öllu framanrituðu sé ljóst að réttur stefnanda til æruverndar gangi framur tjáningarfrelsi stefndu eins og hér hátti til og því beri að taka dómkröfur stefnanda til greina.

31. Stefnandi gerir kröfu um að stefnda greiði honum vexti samkvæmt 1. málslið 4. gr. laga, nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 18. desember 2021, er ummælin voru birt, og vísar þar um til 8. gr. laganna. Þá krefst hann dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi er málið var höfðað til greiðsludags á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laganna.

#### **IV. Málsástæður og lagarök stefndu**

32. Stefnda mótmælir fullyrðingu í stefnu um að engum geti dulist um hvern sé verið að tala í færslunni. Engin gögn séu lögð fram því til sönnunar heldur láti stefnandi þar við sitja að fullyrða að stefnandi og stefnda búi bæði í ... og að bæjarbúar séu fullkomlega meðvitaðir um hjónaskilnað stefnanda og fyrrverandi eiginkonu hans. Því til viðbótar fylgi hlekkur á frétt DV.is og dóm Landsréttar í forsjármáli stefnanda.

33. Stefnandi sé ekki nafngreindur í færslu stefndu og í færslunni sé ekki vikið einu orði að .... Hugur stefndu hafi því augljóslega ekki staðið til þess að „sverta æru stefnanda og telja almenningi trú um að hann hafi brotið gegn börnunum sínum“ eins og haldið sé fram í stefnu.

34. Stefnandi sé ekki nefndur á nafn í frétt DV.is sem stefnda hafi deilt. Hann sé heldur ekki nafngreindur í þeim þremur hlekkjum sem sé að finna í frétt DV.is. Þegar smellt sé á hlekk í frétt DV.is sem beri heitið dómur Landsréttar, þá birtist ekki dómur í forsjármáli stefnanda í Landsrétti heldur textinn „The control has thrown an exception“. Þá séu dómur í forsjármálum ekki birtir undir nafni hjá dómstólum. Engin tilvísun sé heldur til ... í framangreindri frétt DV.is eða þeim hlekkjum sem sé að finna í fréttinni. Það sé því með öllu ósannað að engum dyljist um hvern stefnda sé að tala í færslunni.

35. Í stefnu sé því jafnframt haldið fram að stefnandi hafi ekki verið kærður fyrir þá háttsemi sem fjallað sé um í hinum umstefndu ummælum. Það sé rangt eins og stefnanda sé fullkunnugt um en kjósi að greina rangt frá í stefnu. Stefnandi hafi verið með réttarstöðu sakbornings í lögreglumáli nr. 313-2021-1792 og hafi lögmaður stefnanda í því máli sem hér sé til úrlausnar verið tilnefndur verjandi hans við rannsókn málsins, auk þess sem tilnefndur hafi verið réttargæslumaður brotaþola.

36. Stefnandi og lögmaður hans þurfi að útskýra það fyrir héraðsdómi og stefndu hvað stefnanda gangi til með því að halla ítrekað réttu máli í stefnu og fullyrða að stefnandi hafi ekki verið kærður fyrir kynferðisbrot gagnvart dóttur sinni.

37. Stefnda er ... fyrrverandi eiginkonu stefnanda og barna hennar. Stefnda lýsir því að hún hafi verið mikið inni á heimili stefnanda árið 2019 og þá tekið eftir því að aðrir á heimilinu virtust óttast stefnanda og hafi forðast hann. Eiginkona stefnanda flutti út af heimili þeirra í ársbyrjun 2020 og hafi stefnda eytt miklum tíma með þeim á þeirra nýja heimili. Stuttu síðar hafi dóttir stefnanda opnað sig við stefndu og sagt að stefnandi hefði snert sig á brjóstum og rassi (kynfærsvæði) og farið inn á hana inn fyrir fötin. Hún hefði sagt þetta hafa gerst nokkrum sinnum. Stefnda hafi ítrekað þurft að gista inni hjá dóttur stefnanda því barnið hafi endurtekið fengið martraðir um stefnanda. Stefnda hafi gefið skýrslu hjá lögreglu í kynferðisbrotamáli stefnanda, sem lögð sé fram í málinu.

38. ... stefnanda hafi sagt stefndu með sama hætti frá ofbeldi, andlegu og líkamlegu, sem hann hafi þurft að þola af hendi stefnanda. Það sama hafi ... stefnanda og fyrrverandi eiginkona hans gert. Stefnda hafi því vitneskju frá fyrstu hendi um hvaða mann stefnandi hafi að geyma og hafi myndað sér skoðun á stefnanda byggða á eigin reynslu og frásögnum ... sinnar og ... á því ofbeldi sem þau hafi þurft að þola af hálfu stefnanda. Stefndu sé frjálst að hafa þá skoðun og tjá sig um hana enda sé hún byggð á hennar eigin upplifun, upplifun brotþola og nákominna ættingja sem hafi trúað stefndu fyrir raunum sínum, sem stefnda hafi enga ástæðu til þess að draga í efa, og tilkynningum (gögnum) frá opinberum aðilum.

39. Áréttað sé að færsla stefndu hafi verið brýning til vina hennar á Facebook um að standa með og styðja þolendur ofbeldis og þá sérstaklega börn sem hafi þurft að þola og upplifa ofbeldi. Tilefni færslunnar hafi verið frétt DV.is sem stefnda hafi deilt með færslunni þar sem fjallað hafi verið um mál sem stefnda þekkti vel til enda höfðu þolendur í málinu sagt stefndu berum orðum frá því sem þeir höfðu upplifað, auk þess sem stefnda hafði upplifað af eigin raun.

40. Í fréttinni hafi verið fjallað um ofbeldisfulla hegðun manns og þar kom fram: ... *að rökstuddur grunur er um langvarandi andlegt og líkamlegt ofbeldi föðurins gagnvart börnunum og móður þeirra*. Síðan sagði í fréttinni að í málinu hafi legið fyrir skýrslur frá læknum og geðlæknum: ... *sem lýsa alvarlegri sjálfsvígstilraun eldra systkinis sem rakið er til andlegs og líkamlegs ofbeldis föðurins sem barnið þurfti að búa við í 12 ár*. Þá sagði í fréttinni að móðirin hefði sjálf greint frá andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi barnsföðurins í Bjarkarhlíð.

41. Stefnda hafi því mátt með réttu ætla að blaðamaðurinn sem skrifaði fréttina í DV.is, Erla Hlynisdóttir, sem sé með áratuga reynslu sem blaðamaður og hafi lagt íslenska ríkið í þrígang fyrir Mannréttindadómstól Evrópu (hér eftir MDE) eftir að hafa verið ranglega dæmd fyrir ærumeiðingar af íslenskum dómstólum, hafi viðhaft vönduð og góð vinnubrögð við vinnslu fréttarinnar og hafi við skrifin gætt að þeim lögum og reglum sem gilda um störf blaðamanna, s.s. siðareglum Blaðamannafélags Íslands, 26. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 og réttarreglum um æruvernd og friðhelgi einkalífs.

42. Að öllu framangreindu virtu hafi því stefnda verið í góðri trú þegar hún hafi skrifað færsluna á Facebook, ... 2021. Rétt sé að hafa í huga að stefndu verði ekki gert að sanna það með þeirri aðferðafræði sem viðhöfð sé við sönnun í sakamáli að stefnandi hafi gerst sekur um þá háttsemi sem komi fram í hinum umstefndu ummælum. Þvert á móti sé fullnægjandi að ummæli stefndu eigi sér nægilega stoð í staðreyndum, s.s. upplifun stefndu, upplifun annarra sem hafa greint stefndu berum orðum frá reynslu sinni, opinberum gögnum, skjölum og fréttum fjölmiðla. Því beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

43. Að virtu framangreindu byggir sýknukrafa stefndu á eftirfarandi rökum:

44. Í fyrsta lagi að stefnda hafi verið að taka þátt í opinberri umfjöllun um mikilvægt þjóðfélagslegt málefni sem varðað hafi ríka almannahagsmuni sem sé ofbeldi gegn börnum. Það eigi hvort heldur við þegar horft sé á færsluna í heild eða einstök ummæli, m.a. hin umstefndu ummæli. Þegar af þeirri ástæðu njóti þær skoðanir sem birtust í færslu stefndu umræddan dag, þ. á m. þau ummæli sem stefnt sé út af, sérstakrar verndar 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. MSE, sbr. ótal dómafordæmi íslenskra dómstóla og MDE. Í slíkri umræðu sé jafnframt rýmkað tjáningarfrelsi og eigi það við um ummæli stefndu. Stefnda hafi ekki hafið umræðuna heldur hafi hún verið að bregðast við frétt og taka þátt í umræðu sem hafi þegar verið hafin í fjölmiðlum. Stefnda hafi ekki viðhaft önnur ummæli efnislega en þau sem komið hafi fram í frétt DV.is og byggð hafi verið á hennar eigin reynslu, frásögnum sem hún hafði beint frá þolendum og opinberum gögnum og skjölum.

45. Stefnda hafi mátt með réttu draga sínar eigin ályktanir af fréttinni og viðhafa þá gildisdóma sem birtust í hinum umstefndu ummælum. Líkt og umstefnd ummæli beri með sér sé þungi í orðum stefndu, en þar séu ekki höfð uppi nein hróp, ósæmilegt orðbragð eða svigurmæli. Lesendur kunni að draga eigin ályktanir um framgöngu þess sem um sé fjallað, en hin umstefndu ummæli hafi hvorki verið til þess ætluð né fallin til þess að svarta æru stefnanda enda hafi hann hvorki verið nafngreindur í ummælum stefndu né annars staðar.

46. Í öðru lagi séu hin umstefndu ummæli stefndu gildisdómar en ekki staðhæfingar um staðreyndir. Stefndu verði ekki gert að sanna gildisdóma sem hún viðhafi á grundvelli stjórnarskrárverndaðs tjáningarfrelsis síns heldur sé fullnægjandi að gildisdómarnir eigi sér nægilega stoð í staðreyndum máls og að stefnda hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi ummæla sinna eins og raunin sé í því máli sem hér sé til úrlausnar.

47. Um staðreyndagrundvöll málsins vísar stefnda til fréttar DV.is, fyrri umfjöllunar um málið, kæru brotþola til lögreglu, eigin upplifunar, upplifunar annarra sem orðið hafi fyrir ofbeldinu og sagt stefndu frá því og opinberra gagna og skjala sem lögð hafi verið fram í málinu. Í því sambandi sé mikilvægt að muna að tjáningarfrelsinu sé ekki einungis ætlað að vernda kurteisa umræðu, enda þarfnist slík orðræða almennt ekki verndar, heldur miklu frekar hvassa og óvægna orðræðu sem geti eftir atvikum móðgað og stuðað þann sem fyrir verður.

48. Í þriðja lagi höfðu ummælin efnislega birst áður í DV og því hafi í raun verið um endursögn á frétt DV.is að ræða, auk ályktana sem stefnda hafi með réttu mátt draga af því sem sagði í fréttinni og setja fram sem gildisdóma. Í heild hafi færsla stefndu þannig í reynd verið sett fram sem skoðun og útlekking á frétt DV.is sem hafi verið birt með færslunni. Stefnda hafi verið og sé í góðri trú um að blaðamaður DV hafi við gerð fréttar sinnar gætt grundvallarreglna sem fjölmiðlum beri að virða. Ummæli sem séu endurbirt með þessum hætti sæti ekki ómerkingu á grundvelli 241. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 234. og/eða 235. gr. sömu laga.

49. Í fjórða lagi byggir stefnda á því að ummælin séu sönn. Það byggir stefnda á eigin upplifun, frásögnum ... sinna og ... sem upplifað hafi ofbeldið af eigin raun og sagt stefndu frá því, gögnum lögreglumáls nr. 313-2021-1792 og öðrum opinberum gögnum og skjölum um upplifun annarra sem lögð hafa verið fram í málinu. Í því sambandi sé það áréttað að stefndu verði ekki gert að

sanna sök á stefnanda eins og í sakamáli heldur sé fullnægjandi að ummæli stefndu eigi sér nægilega stoð í staðreyndum.

50. Í fimmta lagi hafi stefnda ekki gengið lengra með ummælum sínum og umfjöllun en henni hafi verið heimilt og hún hafi gætt þess að greina ekki frá nafni stefnanda eða öðrum persónuupplýsingum, s.s. búsetu, aldri, menntun og starfsheiti. Með því hafi stefnda tekið tillit til hagsmuna stefnanda og gætt að því að valda honum ekki óhagræði að óþörfu. Ummæli stefndu rúmist því innan marka tjáningarfrelsis.

#### *Einstök ummæli*

51. Stefnda telur ljóst að hver og ein hinna umstefndu ummæla séu gildisdómar en ekki staðhæfingar um staðreyndir. Því til stuðnings er vísað til framangreindrar umfjöllunar um kröfu stefndu um sýknu af ómerkingarkröfu stefnanda.

52. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar og MDE hafi ummæli verið flokkuð annars vegar í gildisdóma og hins vegar staðhæfingar um staðreyndir. Meginmunurinn sé sá að ekki sé hægt að sanna gildisdóma. Gildisdómar séu skilgreindir rúmt í dómaframkvæmd MDE. Mat dómsins á því hvort ummæli teljist staðhæfing um staðreynd eða gildisdómur fari fram með því að ummæli eru skoðuð í samhengi við málsatvik, í samhengi við önnur ummæli í umfjöllun, efni umfjöllunar í heild sinni og m.t.t. stöðu málsaðila. Þá leggi dómurinn til grundvallar táknaða eða yfirlærða merkingu orða fremur en bókstaflega merkingu. Þannig sé almennt ekki fullnægjandi að byggja á því að einstakar setningar eða orð í lengri umfjöllun teljist staðhæfingar um staðreyndir ef umfjöllunin í því samhengi sem hún er sett fram felur í heild sinni í sér gildisdóm.

53. Hvort heldur sem hin umstefndu ummæli séu skoðuð einangrað eða sem hluti af allri færslu stefndu sé ljóst að þau séu gildisdómar en ekki staðhæfingar um staðreyndir. Lesendur kunni að draga eigin ályktanir um hegðun og framgöngu þess sem fjallað sé um, en hin umstefndu ummæli hafi hvorki verið til þess ætluð né fallin til þess að sverta æru stefnanda. Með því að skýra frá frétt DV.is og leggja út af henni hafi ekki í neinu verið dróttað að stefnanda, hvað þá þannig að virðing eða æra hans hafi beðið hnekki af þeim völdum. Allt hafi það verið í efnislegu samræmi við áður birta fjölmiðlaumfjöllun, upplifun stefndu og annarra og fyrirliggjandi gögn.

#### *54. Faðirinn hefur beitt öll börnin andlegu og líkamlegu ofbeldi*

Ummælin séu endursögn á frétt DV.is þar sem segi að rökstuddur grunur sé um langvarandi andlegt og líkamlegt ofbeldi föðurins gagnvart börnunum og móður þeirra. Í heild hafi færsla stefndu þannig í reynd verið sett fram sem skoðun og útlekking á frétt DV.is sem hafi verið birt með færslunni. Stefnda hafi verið og sé í góðri trú um að blaðamaður DV hafi við gerð fréttar sinnar gætt grundvallarreglna sem fjölmiðlum beri að virða.

#### *55. ... einnig hefur faðirinn verið kærður vegna kynferðisofbeldis sem hann beitti dóttur sína.*

Þessi ummæli séu sönn og rétt og þegar af þeirri ástæðu geti þau aldrei sætt ómerkingu, en það sé staðreynd að stefnandi hafi verið kærður fyrir kynferðisofbeldi gagnvart dóttur sinni eins og framlögð gögn staðfesti.

#### *56. Hversu siðblindur þarf faðir að vera til þess að finnast dóttir sín (... og yngri) kynæsandir og honum finnst í lagi að káfa á kynfærum hennar*

Af einhverjum ástæðum kjósi stefnandi að slíta ofangreinda setningu í sundur í kröfugerð sinni í stefnu og krefjist ómerkingar á annars vegar fyrri hluta og hins vegar síðari hluta setningarinnar. Því sé mótmælt enda beri að horfa á setninguna eins og hún komi fyrir í færslu stefndu þegar lagt sé mat á það hvort setningin feli í sér lögmæta tjáningu sem njóti verndar tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrár eða ekki. Eins og bent hafi verið á hafi færsla stefndu á Facebook verið framlag hennar til almennrar þjóðfélagsumræðu um mikilvæga almannahagsmuni sem sé ofbeldi gegn börnum, s.s. líkamlegt og andlegt ofbeldi og kynferðisofbeldi. Í færslunni komi jafnframt fram gagnrýni á ríkisvaldið fyrir andvaraleysi í þessum málaflokki, sbr. orð stefndu: „*Hvað þarf að ske til þess að kerfið hlusti og verndi börnin okkar?*“

57. Í framhaldinu varpi stefnda fram þeirri almennu spurningu hversu siðblindur faðir þurfi að vera til þess að finnast dóttir sín kynæsandi og honum finnist í lagi að káfa á kynfærum hennar. Spurningin um hinn siðblinda föður sé því tvíþætt. Annars vegar hversu siðblindur hann þurfi að vera til þess að finnast dóttir sín kynæsandi. Hins vegar hversu siðblindur hann þurfi að vera til þess að finnast í lagi að káfa á kynfærum hennar. Þess vegna sé ekki hægt að slíta þessa setningu í sundur eins og stefnandi kjósi að gera í stefnu.

58. Það sé ljóst að hér sé um almenna spurningu að ræða sem stefnda kjósi að setja fram eftir atvikum í von um svör frá vinum sínum á Facebook. Af einhverjum ástæðum kjósi stefnandi að taka þessa almennu spurningu til sín og krefjast ómerkingar á henni. Það sé ekki nánar rökstutt í stefnu hvers vegna stefnandi kjósi að taka þessi ummæli til sín þar sem spurt sé almennt um föður en ekki ákveðinn föður. Þegar af þeirri ástæðu að ummælunum sé ekki beint að stefnanda beri að sýkna stefndu vegna aðildarskorts stefnanda.

59. Ef ekki verði fallist á sýknu stefndu á grundvelli aðildarskorts stefnanda sé byggt á því að um sé að ræða gildisdóm stefndu sem eigi sér nægilega stoð í staðreyndum málsins, s.s. frétt DV.is og lögreglumáli nr. 313-2021-1792 þar sem sakarefnið var kynferðisbrot stefnanda gagnvart dóttur sinni. Stefnda hafi með réttu mátt draga þá ályktun af frétt DV.is, bréfi brotaþola sem hún hafi séð, lögreglumáli nr. 313-2021-1792, eigin upplifun og þeim upplýsingum sem hún hafði frá brotaþola að stefnandi hefði kynferðislegan áhuga á dóttur sinni og hafi því mátt viðhafa þann gildisdóm sem hún hafði uppi um stefnanda.

60. Með hinum umstefndu ummælum og umfjölluninni í heild hafi stefnda einungis verið að lýsa skoðun á vettvangi lýðræðislegrar þjóðmálaumræðu. Þar verði almenningur að hafa rúmt svigrúm til þess að lýsa sterkum skoðunum á álitafnum líðandi stundar. Þá sé mjög mikilvægt að þegar slík gagnrýni er sett fram njóti hún fullrar verndar tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrár og MSE.

61. Hin umstefndu ummæli hafi því átt fullt erindi við almenning og því sé óheimilt að takmarka tjáninguna sem í ummælunum felst. Í því sambandi sé rétt að hafa í huga að lagareglum um tjáningarfrelsi sé ekki einungis ætlað að vernda óumdeilda tjáningu. Málsókn eins og sú sem stefnandi standi hér fyrir sé til þess fallin að hafa „kælingaráhrif“ og skaði tjáningarfrelsi hér á landi til lengri tíma, þ.e. að þora og geta sagt það sem eigi erindi við almenning og einhver vilji síður að fréttist.

62. Við blasi að stefnandi hafi ekki sýnt fram á neinn miska sem rekja megi til færslu stefndu, en rétt sé að minna á að hann hafi hvorki mótmælt né stefnt útgáfu DV eða blaðamanni DV vegna fréttar DV.is. Sé það þó miklum mun útbreiddari miðill en Facebook-síða stefndu.

63. Enn síður sé miskakrafan reist á neinu fjárhagslegu eða málefnalegu mati, heldur virðist upphæðin dregin upp úr hatti. Hafi æra stefnanda skaðast, þá sé rótina ekki að rekja til færslu stefndu sem hafi efnislega verið á sama veg og frétt DV.is sem ekki hafi verið mótmælt. Með því að greina frá frétt DV.is og lýsa skoðunum á henni felist engin meingerð gagnvart stefnanda.

64. Óháð málsúrslitum beri því að sýkna stefndu af kröfu stefnanda um miskabætur.

## V. Niðurstaða

65. Í málum sem þessu takast á mikilvæg stjórnarskrárvarin réttindi, annars vegar sú vernd sem friðhelgi einkalífs og þ.m.t. æru fólks er veitt í stjórnslögum andspænis hins vegar ríku tjáningarfrelsi. Meginmálsástæða stefndu fyrir sýknukröfu í málinu er að ummælin sem stefnt er fyrir hafi verið henni heimil á grundvelli frelsis sem hún njóti til að tjá og setja fram hugsanir sínar og skoðanir.

66. Fræðimenn fjalla um helstu sjónarmið sem líta beri til við mat á því hvenær æruvernd takmarki tjáningarfrelsi einstaklinga og birst hafa m.a. í dómum hér á landi sem og dómum Mannréttindadómstóls Evrópu en til þeirra dóma er mikið horft á þessu sviði. Litið er svo á að tjáningarfrelsi fái meira vægi og ríkari tjáning verði heimiluð, þótt hún sé til þess fallin almennt séð að skaða æru þess er um er fjallað, ef umfjöllunarefnið verður talið eiga ríkt erindi við og varða hagsmuni almennings. Einnig skiptir máli hversu þekkt persónan er sem um er fjallað og um hvað fjallað er, auk þess að litið er til þess hvernig upplýsinga er aflað og þær settar fram og birtingu þeirra háttáð, þ.m.t. útbreiðsla. Þá verður horft til þess hversu alvarlegar ásakanir eru hafðar uppi og þá t.a.m. litið til þess hvaða afleiðingar sú háttsemi getur almennt haft í för með sér fyrir þann er fyrir verður. Einnig er eftir atvikum horft til ferils og hegðunar viðkomandi áður en ummæli eru látin falla, auk þess sem það getur auðvitað skipt sköpum hvort ummæli séu sönn, í þeim sé nokkurt sannleikskorn eða þau með öllu úr lausu lofti gripin. Ýmis sjónarmið önnur koma til skoðunar við mat á þessu og vægi einstakra þátta eðli máls misjafnt eftir atvikum máls. Auk þess kemur mjög til skoðunar hvort um sé að ræða svokallaða gildisdóma eða staðhæfingar um staðreyndir, en það mat hefur sýnst fá nokkuð aukið vægi seinni ár, a.m.k. í dómaframkvæmd, þar sem meiri vigt hefur þá sannanlega verið lögð á tjáningarfrelsið en friðhelgi einkalífs.

67. Stefnda hefur þannig m.a. byggt á því að ummæli hennar hafi falið í sér gildisdóm fremur en staðhæfingu um staðreynd. Í dómaframkvæmd mannréttindadómstólsins í málum af þessu tagi er gerður greinarmunur á þessu tvennu, sbr. framangreint, sem og í íslenskri dómaframkvæmd. Eins og rakið er, t.d. í dómi Landsréttar í máli nr. 680/2019, er ekki unnt að sanna gildisdóm þótt gera verði þá kröfu, misríka eftir aðstæðum, að sýnt sé að hann eigi sér einhverja stoð í staðreyndum. Þegar um staðhæfingu um staðreynd er að ræða, sem unnt á að vera að sanna, gilda einnig misríkar sönnunarkröfur eftir atvikum og eðli máls. Í tilvikum þar sem erfitt er að koma við sönnun er gjarnan litið til þess hvort viðkomandi hafi verið í góðri trú um réttmæti ummæla sinna er hann lét þau falla. Af dómaframkvæmd verður ráðið að við mat á því hvort um gildisdóm eða staðhæfingu um staðreynd sé að ræða verði að skoða heildarsamhengi og framsetningu hinna umdeildu ummæla. Í því sambandi geti bæði haft þýðingu, sbr.

framangreint, hvort ummælin eru liður í mikilvægri þjóðfélagsumræðu en einnig hvort þau feli í sér aðdróttun um refsiverða háttsemi.

-----

68. Dómurinn telur að eins og málið er vaxið geti það ekki firrt stefndu ábyrgð og skuli leiða til sýknu í málinu þótt stefnda hafi ekki, frekar en gert var í tilvísaðri blaðgrein í DV, nefnt stefnanda á nafn. Dómnum sýnist augljóst að þeir sem þekktu eitthvað til hafi mátt gera sér auðveldlega grein fyrir því við hvern væri átt. Af gögnum málsins má ráða að stór hópur fólks og vafalítið vinir stefndu á Facebook hafi vitað að þarna væri fjallað um mál stefnanda og fyrrum eiginkonu hans og ummælin hafi beinst að stefnanda. Málið hafði verið mikið til umfjöllunar, m.a. á samfélagsmiðlum og var t.a.m. gengið út frá því í óáfrýjuðum dómi þessa dóms í máli nr. E-.../2020 sem hverfðist um sama mál í grunninn, að þeir sem fylgst hefðu með málefnum fjölskyldunnar og harðvítugum deilum stefnanda við fyrrum eiginkonu hans máttu vita við hvern væri þar átt. Má um þetta og vísa til framburðar [F...] fyrir dómi. Dómurinn telur því að líkur standi eindregið til þess að þeir sem lásu þau ummæli sem hér er deilt um og þeir sem höfðu aðgang að þeirri síðu þar sem þau voru birt hafi ýmist þá þegar, eða hafi ella mátt án mikillar fyrirhafnar sjá að ummælin vörðuðu stefnanda þessa máls, eins og stefnda hefur sjálf gengist við að var raunin án þess að það skipti sköpum. Í þessu sambandi athugast að dómurinn telur ljóst að hinum umstefndu ummælum hafi eins og þau voru sett fram verið beint að ákveðnum manni og það hafi blasað við lesanda.

69. Þá verður ekki fallist á að sýkna beri stefndu á þeim grundvelli að hún ekki haft þann ásetning að skaða æru stefnanda með framgöngu sinni, en greina má þá málsástæðu í málartilbúnaði hennar. Ganga verður út frá því að stefndu hafi mátt vera það ljóst að alvarlegustu ummælin sem hún viðhafði voru til þess fallin að vega að æru stefnanda og augljóst er að þau voru ekki fallin til þess að auka hans veg. Burtséð frá því hefur það ekki verið talið skilyrði fyrir ómerkingu ummæla eða greiðslu miskabóta að ásetningur þurfi að standa til þess að skaða æru þess sem um ræðir og fyrir verður, heldur nægi í þeim efnum vitund um að ummæli eða önnur háttsemi geti verið meiðandi, eins og gengið verður út frá að hafi verið raunin í þessu máli.

70. Enginn ágreiningur verður gerður um að almenningur lítur alla jafna hvers konar ofbeldi, líkamlegt og andlegt, alvarlegum augum. Samfélagið fordæmir slík brot og rík fordæming er á kynferðisbrotum, hvort sem er gegn fullorðnum einstaklingum eða börnum. Það á vitaskuld einnig við um margvísleg önnur brot. Sú forsenda getur hins vegar ekki réttlætt það án afleiðinga að fullyrða að annar maður hafi gerst sekur um slík brot af litlu eða óljósu tilefni. Vandséð er að slíkt geti verið sérstakt framlag til almennrar umræðu eða eigi brýnt erindi við almenning. Slíkt er þó háð mati hverju sinni. Fyrri hluta ummæla stefndu í umræddri færslu má vel heimfæra undir slíka réttmæta og nauðsynlega umræðu en seinni hluti hennar beinist augljóslega að tilteknum einstaklingi sem dómurinn telur vafalaust að hafi verið stefnandi og að margir þeirra er sá hafi mátt gera sér grein fyrir því. Ummælin sem hér eru til umfjöllunar eru ekki þess eðlis að þau geti talist hluti af almennri og mikilvægri umræðu um málefni almennings. Í þessu samhengi athugast að stefnandi er óþekktur einstaklingur, þ.e. ekki opinber persóna líkt og oftast en ekki skiptir máli, við heildarmat á því hvað teljist heimil tjáning hverju sinni. Þótt fallist yrði á að upplegg stefndu hafi verið þátttaka í mikilvægri almennri umræðu verður ekki séð hvers vegna nauðsynlegur þáttur í því framlagi stefndu hafi verið að beina spjótum að tilteknum einstaklingi þótt ekki sé

hann nafngreindur. Dómurinn telur að þar geti tilgangurinn ekki helgað meðalið í ljósi framangreindra meginreglna.

-----

71. Krafist er ómerkingar á fernum aðgreindum ummælum stefndu í umræddri færslu hennar á Facebook-síðu sinni.

72. Fallist er á að fyrstu ummæli stefndu, sem krafist er ómerkingar á, eigi sér beina skírskotun til umfjöllunar DV um málið, en vandséð þó í því sambandi hvaða þýðingu það hafi fyrir málið hvort ummæli stefndu hafi verið viðhöfð strax í kjölfar dóms Landsréttar í máli nr. .../2021 eða nokkru síðar. Þannig virðist blasa við að greinin hafi orðið til þess að stefnda hafi séð ástæðu til að leggja til málanna og beinlínis á því byggt öðrum þræði í málsvörn stefndu að framlag hennar hafi verið hluti af umræðu sem þar hefði farið fram og hafi endurspeglað efni greinarinnar eða verið einhvers konar endursögn hennar.

73. Samkvæmt gögnum málsins birtist umfjöllun í DV um mál stefnanda og fyrrum eiginkonu hans, ... stefndu, ... 2021. Þar er mjög vísað til yfirlýsingar sem stjórn *Líf án ofbeldis* hafði þá sent frá sér vegna meðferðar Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu á aðfararbeiðni þar sem stefnandi óskað eftir því að fá barn þeirra afhent sér með beinni aðför. Í greininni var tekin upp innan gæsalappa bein tilvísun í ástæðu yfirlýsingar samtakanna sem væri: „þar sem rökstuddur grunur er um langvarandi andlegt og líkamlegt ofbeldi föðurins gagnvart börnunum og móður þeirra“. Í kjölfarið var fjallað um dóm Landsréttar frá ..., í máli nr. .../2021, og fylgdi tengill á síðu réttarins.

74. Þótt ganga megi út frá því að stefnda hafi þekkt málefni fjölskyldunnar og stöðu hennar mun betur en aðrir lesendur DV verður ekki talið að það hafi skert rétt hennar til að hafa eftir það sem fram kemur í umræddri grein um meint ofbeldi stefnanda gagnvart öðrum fjölskyldumeðlimum. Stefnandi gengur að vísu lengra og fullyrðir í færslu sinni að stefnandi hafi beitt börnin andlegu og líkamlegu ofbeldi, en hefur ekki fyrirvara um að þar sé um rökstuddan grun að ræða. Fallast verður á að henni hafi verið allt að einu heimilt, líkt og öðrum, að hafa þessi ummæli uppi þótt þau gangi lengra. Um þetta sjónarmið má t.a.m. vísa til umfjöllunar í dómi Landsréttar í máli nr. .../2019 í 23. lið og þess að fallast verður á að um a.m.k. þetta atriði hafi stefnda sjálf verið í góðri trú. Dómurinn telur því ekki efni til að ómerkja þau ummæli og með þeim hafi stefnda sjálf og sérstaklega ekki brotið gegn friðhelgi einkalífs stefnanda.

75. Varðandi önnur umstefnd ummæli stefndu er varða kærur á hendur stefnanda verður að mati dómsins vart gerður ágreiningur um að það sé sannleikanum samkvæmt að bornar hafi verið fram ásakanir fyrir lögreglu um meint kynferðisofbeldi stefnanda gegn dóttur sinni. Fyrir liggur hins vegar að ekkert hefur komið fram um að þessar ásakanir hafi átt við rök að styðjast og um það er m.a. fjallað í framangreindum dómi Landsréttar. Á þeim tíma sem umrædd færsla stefndu birtist lá fyrir að engin mál voru til meðferðar hjá lögreglu vegna þess og þau verið látin niður falla og um það mátti stefnda vita. Eftir stendur hins vegar að burtséð frá því er í færslu stefndu ekki hafður neinn fyrirvari á stöðu þeirra mála heldur beinlínis fullyrt að viðkomandi hafi beitt dóttur sína kynferðisofbeldi. Slíka ályktun er ekki hægt að draga af umfjöllun DV um málið. Ef fjallað er á opinberum vettvangi um ákveðnar grunsemdir um alvarlega og refsiverða háttsemi og kærur af því tilefni getur heimil endursögn og eftir atvikum útlagning á slíkri umfjöllun ekki falið í sér

að fullyrt verði um sök viðkomandi líkt og stefnda gerði í umræddri færslu. Þau ummæli stefndu að sá sem fjallað hafi verið um, og dómurinn gengur út frá að hægur vandi hafi verið að átta sig á að væri stefnandi, hefði beitt dóttur sína kynferðislegu ofbeldi verða því ekki réttlætt með framangreindu.

76. Þá er ekki hægt að fallast á að stefnda hafi notið aukasvigrúms í málinu með vísan til meints sannleiksgildis hluta þeirra ásakana sem hún bar fram. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að litið hefur verið svo á að þeim sem lýsir því að hafa sjálfur orðið fyrir ofbeldi eða einhverri meingerð af hálfu annars er játað meira svigrúm í tjáningu sinni en þeim sem ber annan einstakling sökum um ofbeldi gagnvart þriðja aðila líkt og hér um ræðir. Dómurinn telur að það geti ekki firrt stefndu ábyrgð þótt hún fullyrði að dóttir stefnanda og ... hans hafi trúað henni fyrir því að stefnandi hafi brotið gegn þeim. Þar skiptir heldur ekki sköpum framburður [D...] dóttur stefnanda og [E...] þegar áhrif hans eru metinn heildstætt m.a. út frá gögnum málsins þ.m.t. dómi Landsréttar í máli nr. .../2021 og gildi hans í ljósi 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Það veitir stefndu að mati dómsins eins og mál þetta er vaxið ekki aukinn rétt á því að bera fram á opinberum vettvangi ásakanir um alvarleg afbrot eða afbrigðilegar kenndir annars manns gagnvart þriðja aðila. Um þessi sjónarmið má benda t.a.m. á dóm Landsréttar í máli nr. .../2021 Hér athugast einnig að ekkert bendir til þess af öðrum gögnum málsins að ásakanir á hendur stefnanda eigi við rök að styðjast heldur raunar þvert á móti. Fullyrðing um að stefnandi hafi beitt dóttur sína kynferðislegu ofbeldi verður hér talin ærumeiðandi aðdróttun um refsiverða háttsemi stefnanda og þau ummæli verða ómerkt að teknu tilliti til framangreinds sbr. nánar dómsorð.

77. Þriðju ummæli stefndu verða ekki skilin öðruvísi en svo, í því samhengi sem þau eru sett fram, að hún telji stefnanda girnast dóttur sína kynferðislega og sé af þeim sökum siðblindur. Dómurinn telur vafalaust að þótt þarna sé lýst ákveðnum gildisdómi stefndu yfir stefnanda gefi hún sér að stefnandi hafi þessar kenndir gagnvart dóttur sinni. Engu máli skiptir að mati dómsins þótt ummælin séu sett fram í formi spurningar, enda afar óljóst í hverju svar við henni gæti verið fólgið þannig að eitthvert vit væri í þótt það skipti ekki höfuðmáli. Í ummælunum felst því að mati dómsins aðdróttun og með henni var vegið að persónu stefnanda og æru, sem falla undir friðhelgi einkalífs hans.

78. Hið sama á við um fjórðu og síðustu ummæli stefndu. Þar er fyrirvaralaust fullyrt að viðkomandi einstaklingur, sem stefnda gengst við að hafi verið stefnandi, hafi káfað á kynfærum dóttur sinnar. Sömu röksemdir eiga við um þessi ummæli að breyttu breytanda og að framan er getið. Þess utan er hér um að ræða fullyrðingu sem á sér enga stoð í framangreindri grein í DV eða öðrum gögnum málsins og verður ekki séð að hafi verið borin fram af nokkrum öðrum en stefndu umrætt sinn, ekki einu sinni af meintum brotaþola.

79. Áréttað skal vegna umfjöllunar í greinargerð stefndu að dómurinn fellst ekki á að þriðju og fjórðu ummæli stefndu verði fremur réttlætt ef þau eru lesin saman líkt og þau birtust í texta stefndu. Ekki verður séð að það dragi úr ærumeiðslum ummælanna þótt þau séu virt í þeim búningi. Þriðju og fjórðu ummæli stefndu verða því ómerkt.

80. Samandregið er það því niðurstaða dómsins að með þrennum af fernum ummælum sínum samkvæmt stefnukröfum málsins hafi stefnda farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns samkvæmt

73. grein stjórnarskrárinnar og brotið gegn friðhelgi stefnanda sem hann nýtur samkvæmt 71. grein hennar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

81. Grunnstefið í þeim ummælum sem hér eru til umfjöllunar, þ.e. þeim er ómerkingu skulu sæta, er að mati dómsins ásakanir um að stefnandi sé ofbeldismaður og hann hafi gerst sekur um mjög alvarleg ofbeldisbrot gegn börnum sínum, auk þess að bera óeðlilegar kynferðislegar kenndir til dóttur sinnar sem eru fordæmdar í samfélaginu.

82. Dómurinn telur að í ummælum sem merkt eru í kröfugerð málsins, sbr. framangreint, nr. 2, 3 og 4 felist, byggt á framangreindum sjónarmiðum og mati á ummælunum sjálfum m.t.t. annarra gagna málsins, ærumeiðandi aðdróttun eins og hún er skilgreind í 235. gr. almennra hegningarlaga. Þannig hefur verið litið svo á að ásökun um refsivert athæfi feli í sér aðdróttun. Ekki er þó skilyrði hér að um refsivert athæfi sé að ræða. Í máli þessu eru hins vegar hafðar uppi ásakanir um að stefnandi hafi gerst sekur um mjög alvarlega refsiverða háttsemi, án þess að þau ummæli hafi sótt nægjanlega stoð í staðreyndir eða almenna og þekkta umræðu og sum þeirra að því er virðist beinlínis röng. Í þeim ummælum sem dómurinn telur rétt að ómerkja er og ekki hægt að sjá að um neins konar gildisdóma sé að ræða heldur þvert á móti staðhæfingar um það sem stefnda metur augljóslega sem staðreyndir án þess að hafa forsendur til þess að mati dómsins og þar með án þess að hafa forsendur til að birta þær opinberlega. Í því sambandi athugast að þótt ummæli stefndu hafi fallið innan að því er virðist tiltekens hóps verður ekki annað séð en að hún hafi látið sér í léttu rúmi liggja hversu mikla útbreiðslu ummælin fengu enda hennar sýn á málið sú að þetta framlag hennar væri mikilvægt og ætti erindi við almenning.

83. Með vísan til framangreindrar niðurstöðu verða umrædd ummæli dæmd dauð og ómerk í samræmi við kröfur stefnanda, sbr. heimild í 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda þau óviðurkvæmileg.

-----

84. Að mati dómsins þykir stefnandi eiga rétt á miskabótum samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr hendi stefnda vegna hinna ærumeiðandi aðdróttana sem fólust í hinum ómerktu ummælum og fólu í sér ólögmeta meingerð gegn friði, æru og persónu stefnanda. Við ákvörðun bóta verður einkum horft til alvarleika ummælanna, sem augljóst er að hljóta að vera hverjum þeim er fyrir verður afar þungbær, og allsendis óvíst hvaða útbreiðslu þau fengu, en sönnunarbyrði um slíkt verður ekki lögð á stefnanda þar sem slík sönnun er útilokuð eðli máls samkvæmt.

85. Með hliðsjón af dómaframkvæmd telur dómurinn þó ekki efni til að fallast á fjárhæð miskabótakröfu stefnanda heldur þykja bætur hæfilega ákveðnar 300.000 krónur ásamt vöxtum eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði, en málið var höfðað 6. apríl 2022, sbr. framangreint.

86. Í samræmi við úrslit málsins verður stefnda, með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, dæmd til að greiða stefnanda hluta af málskostnaði hans sem telst hæfilegur, að teknu tilliti til málskostnaðaryfirlits og umfangs málsins, 1.000.000 króna.

87. Auður Björg Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður flutti mál þetta fyrir hönd stefnanda og Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður fyrir hönd stefndu.

88. Dóm þennan kveður upp Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari.

### D Ó M S O R Ð

Eftirgreind ummæli stefndu, [B...] skulu vera dauð og ómerk:

„... vegna kynferðisofbeldis sem hann beitti dóttur sína.“

„Hversu siðblindur þarf faðir að vera til þess að finnast dóttir sín (... og yngri) kynæsandi“

„... og honum finnst í lagi að káfa á kynfærum hennar“

Stefnda greiði stefnanda, [A...], 300.000 krónur í miskabætur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. desember 2021 til 6. apríl 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson